Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

140. fundur svæðisskipulagsnefndar
var haldinn í Hamraborg 9, föstudaginn 12. september 2025
og hófst hann kl. 13:30.

Fundinn sátu:
Björg Fenger, Elís Guðmundsson, Hákon Jónsson, Helga Jóhannesdóttir, Helga Jónsdóttir, Hildur Björnsdóttir, Hjálmar Sveinsson, Hjördís Ýr Johnson, Ingvar Arnarson, Karen María Jónsdóttir, Orri Björnsson, Stefán Már Gunnlaugsson, Sævar Birgisson og Ásdís Ólafsdóttir svæðisskipulagsstjóri.

Fundargerð ritaði: Ásdís Ólafsdóttir, svæðisskipulagsstjóri

Formaður Hjálmar Sveinsson setti fund og stýrði.

Björg Fenger tók þátt í gegnum fjarfundarbúnað.

Dagskrá:

1. Framtíðarstaðsetning skotíþrótta á höfuðborgarsvæðinu - niðurstöður starfshóps - 2408005

Þann 10. október 2023 samþykkti Borgarráð Reykjavíkur að beina því til stjórnar Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu að beina því til svæðisskipulagsnefndar að stofna starfshóp í samvinnu við nágrannasveitarfélögin, Ölfus og Voga, sem hafi það að markmiði að finna framtíðarstaðsetningu íþróttmiðstöðvar skotíþrótta. Borgarráð lagði það til að byggt yrði á staðarvalskostum sem fram komu í skýrslu EFLU frá 2023, sem unnin var fyrir Reykjavíkurborg.

Stjórn SSH samþykkti, þann 5. febrúar 2024, að fela Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins verkefnið. Á 126. fundi nefndarinnar þann 12. apríl 2024 var erindisbréf vegna stofnunar starfshóps um verkefnið samþykkt.

Starfshópur var skipaður í júní 2024 með fulltrúum frá Svæðisskipulagsnefnd, Hafnarfirði, Kópavogi, Mosfellsbæ, Reykjavíkurborg, Sveitarfélaginu Vogum, Sveitarfélaginu Ölfusi, Skotíþróttasambandi Íslands og Skotveiðifélagi Íslands. Með hópnum starfaði svæðisskipulagsstjóri og ráðgjafi frá VSÓ Ráðgjöf.

Fyrir liggur greinargerð stýrihópsins.

Gestir

Stefán Gunnar Thors, VSÓ -

Stefán Gunnar Thors ráðgjafi kom á fund nefndarinnar, kynnti niðurstöður vinnunnar og svaraði spurningum.

2. Svæðisskipulag - breyting á vaxtamörkum - Rjúpnahlíð - Garðabær - 2208011

Fyrirliggjandi er bréf frá skipulagsstjóra Garðabæjar dags. 7. apríl 2025 þar sem

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

óskað er eftir að erindi um breytingu á vaxtarmörkum svæðisskipulags verði tekið fyrir á fundi svæðisskipulagsnefndar.

Erindi um breytingu á vaxtarmörkum á svæðinu hefur áður verið á dagskrá nefndarinnar. Á 110. fundi nefndarinnar, þann 14. október 2022, var lýsing samþykkt og hún í framhaldinu send aðildarsveitarfélögum til afgreiðslu og leitað umsagnar um hana hjá Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum. Erindið var aftur á dagskrá nefndarinnar á 114. fundi, þann 17. febrúar 2023, en þá var erindinu frestað.

Á 137. fundi þann 11. apríl sl. kynnti verkefnastjóri skipulagsmála Garðabæjar erindið og þær breytingar sem gerðar hafa verið á tillögunni síðan skipulagslýsingin var í kynningu árið 2022.

Á 138. fundi nefndarinnar þann 16. maí sl. var svæðisskipulagsstjóra, í samstarfi við skipulagsstjóra Garðabæjar, falið að hefja gerð lýsingar að svæðisskipulagsbreytingu vegna breytinga á vaxtarmörkum.

Lýsing að svæðisskipulagsbreytingu liggur nú fyrir.

Frestað til næsta fundar nefndarinnar að ósk Garðabæjar.

3. RVK Keldur og nágrenni - breyting á aðalskipulagi - 2409014

Fyrirliggjandi er umsagnarbeiðni frá Reykjavíkurborg, dagsett 3. júlí 2025, um ofangreint. Kynningartími málsins var til 10. september 2025 en nefndin hefur fengið frest til að skila inn umsögn sinni þar til eftir fund nefndarinnar.

Til samþykktar eru drög að umsögn svæðisskipulagsnefndar.

Umsögn verður uppfærð til samræmis við umræður fundarins og óskað eftir frekari kynningu frá Reykjavíkurborg á samgöngum, bílastæðum og aðgengi hreyfihamlaðra.
Svo breytt var umsögn samþykkt samhljóða.

Hildur Björnsdóttir, Helga Jóhannesdóttir, Skarphéðinn Orri Björnsson, Hjördís Ýr Johnson, Björg Fenger og Hákon Jónsson leggja fram eftirfarandi bókun:

„Fulltrúarnir gera fyrirvara við fyrirliggjandi samgönguskipulag fyrir Keldnaland sem gerir ráð fyrir einungis 2.230 bílastæðum fyrir 5.800 heimili. Skipulagið gerir því ráð fyrir að 62% allra heimila í hverfinu verði án bíls. Jafnframt er gert ráð fyrir að allar bifreiðar verði geymdar í miðlægum bílastæðahúsum í allt að sjö mínútna göngufjarlægð frá heimilum. Þá verður ekki séð að skipulagið uppfylli kröfur um aðgengismál og bílastæði fyrir hreyfihamlaða. Telja fulltrúarnir skynsamlegt að samgönguskipulag hverfisins verði endurskoðað með hliðsjón af fjölbreyttum kostum í samgöngum, aðgengismálum og reiknaðri bílastæðaþörf fyrir hverfið."

4. KÓP Vatnsendahlíð, Vatnsvík og Kjóavellir -Breyting á aðalskipulagi (lýsing) - 2507005

Fyrirliggjandi er umsagnarbeiðni frá Kópavogsbæ, dagsett 11. júlí 2025, um ofangreint. Kynningartími málsins var til 1. september 2025 en nefndin hefur fengið frest til að skila inn umsögn sinni þar til eftir fund nefndarinnar.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

Til samþykktar eru drög að umsögn svæðisskipulagsnefndar.

Samþykkt samhljóða.

5. Hf Hraun vestur - Aðalskipulagsbreyting Hafnarfirði - 2005004

Fyrirliggjandi er umsagnarbeiðni frá Hafnarfirði, dagsett 7. ágúst 2025, um ofangreint.

Til samþykktar eru drög að umsögn svæðisskipulagsnefndar. Einnig er lögð fram tillaga að viðbót við drögin um aðgerðir til að draga úr álagi vegna umferðar og auka umferðaröryggi, skv. samgöngumati.

Umsögn verður uppfærð til samræmis við tillögu.
Svo breytt var umsögn samþykkt samhljóða.

6. Fjárhagsáætlun svæðisskipulagsnefndar 2026 - 1510002

Fyrirliggjandi til samþykktar er tillaga að fjárhagsáætlun svæðisskipulagsnefndar fyrir árið 2026.

Svæðisskipulagsstjóri kynnti tillöguna.

Samþykkt að senda fjárhagsáætlun svæðisskipulagsnefndar til aðildarsveitarfélaga SSH vegna fjárhagsáætlunargerðar þeirra fyrir árið 2026.

7. Starfsáætlun svæðisskipulagsnefndar 2026 - 2003003

Fyrirliggjandi til samþykktar er tillaga að starfsáætlun til júní 2026.

Samþykkt.

8. Svæðisskipulagsnefnd - verkefni vegna framfylgdar svæðisskipulags - 2003003

Til umræðu eru verkefni svæðisskipulagsnefndar haustið 2025.

Til umræðu var uppbygging hjólaleiðar milli Reykjavíkur og Keflavíkurflugvallar, en skipaður var vinnuhópur í framhaldi af því að sviðsstjóri Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborg óskaði eftir því að hafnar verði viðræður um mögulegt samstarf á vettvangi SSH og Samtaka sveitarfélaga á Suðurnesjum (SSS) um uppbyggingu á hjólaleið milli Reykjavíkur og Keflavíkurflugvallar. Í vinnuhópnum var, meðal annara, þáverandi svæðisskipulagsstjóri. Vinnuhópurinn skilaði greinagerð í ágúst 2023 og var hún kynnt fyrir nefndinni á 120. fundi hennar þann 13. október 2023.
Svæðisskipulagsstjóra var falið að kanna frekar stöðu málsins og upplýsa nefndina um hana í framhaldi af því.

Einnig var til umræðu uppfærsla leiðbeininga fyrir hönnun hjólastíga sem svæðisskipulagsnefnd samþykkti að styrkja í fjárhagsáætlun fyrir 2023 og 2024. Samþykkt var að styrkja verkefnið svo hjólaleiðbeiningarnar verði gefnar út á þessu ári.

9. Svæðisskipulagsnefnd fundir nefndarinnar - heimsókn til sveitarfélags - 2003003

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

Í samræmi við áherslur nefndarinnar, sem voru samþykktar á 110. fundi, er stefnt að því að heimsækja sveitarfélög að vori og hausti og fræðast um helstu skipulagsverkefni sem þar eru fyrirhuguð.

Samþykkt var að Seltjarnarnesbær yrði heimsóttur þann 7. nóvember næstkomandi og Kjós þann 13. mars 2026.

Næsti fundur nefndarinnar er fyrirhugaður þann 10. október 2025.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 15:30.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026